

Nd.

704. Frumvarp til laga

[215. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

Heimilt er að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands. Markmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

3. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðherra, starfsfólk skólans.

Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.

4. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.

Kennsluskylda kennara skal ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð.

Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

7. gr.

Heimilt skal að starfrækja undirbúningsdeild við skólann bæði í Reykjavík og á Akureyri. Hlutverk undirbúningsdeildar er að búa þá nemendur, sem hafa nægilega verklega þjálfun, undir nám í tækniskólanum með kennslu í undirstöðuatriðum tæknináms, svo sem stærðfræði og eðlisfræði.

Einnig er heimilt að starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar risi sjálfstæður tækniskóli.

8. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeild skal veita þeim nemendum, sem lokið hafa prófi frá iðnskóla. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem lokið hafa miðskólaprófi og hafa hlotið nægilega verklega þjálfun.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

9. gr.

Rétt til skólavistar í skólanum eiga þeir nemendur, sem lokið hafa prófi frá undirbúningsdeild, sem og þeir, sem standast inntökupróf.

10. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra skipa nefnd til þess að semja reglugerð um starfsemi skólans. Í nefnd þessari skulu eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á tæknifræði, verkfræði, iðnnámi og skólamálum.

Skal skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.